




DAGUR
RAUÐA
NEFSINS
9. DES



BARBARA TRÚÐUR HEFUR
SÉÐ STARF UNICEF MEÐ
EIGIN AUGUM. **BLS. 3**



STEINDI VONAST EFTIR
BAKKLÓRI OG SALTJÖTI Í
TILEFNI DAGSINS. **BLS. 6**



ILMUR OG ÞORSTEINN
VITA LENGRA EN NEF
ÞEIRRA NÆR. **BLS. 4**



HEIMSFÖRELDRAR
SKIPTA SKÖPUM FYRIR
BÁGSTÖDD BÖRN **BLS. 7**

AF HVERJU ERTU HEIMSFÖRELDRI?


**LOVÍSA ELÍSBET
SIGRÚNARDÓTTIR
(LAY LOW)**

Af því að mér finnst það mikilvægt. Þetta er það minnsta sem ég get gert og litlir hlutir geta skipt miklu máli.

GUNNAR HANSSON

Ég er svo heppinn að vera fæddur við allsnægtir, en það eru ekki allir. Börn eiga allt gott skilið, hvar sem þau búa. Heimsförelldri er mjög fallett orð. Það minnir okkur á ábyrgð okkar gagnvart börnum heimsins.


EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR

Ég er heimsförelldri vegna þess að það er einfaldlega skylda mín að styðja við bakið á þeim sem minna mega sín og eiga um sárt að binda.

**UNNUR ÖSP STEFÁNS-
DÓTTIR OG BJÖRN THÓRS**

Við viljum og verðum að taka þátt í að reyna að hafa áhrif á lífsviðurværi og líðan barna sem eiga um sárt að binda í hörmulegu ástandi í stríði: Er ekki jörðin fyrir alla?


KRISTÍN STEINSDÓTTIR

Af hverju skyldi ég ekki vera það? Mig langar til að hjálpa og mér finnst ég ekki geta gert neitt betra við peningana mína!



Stefán Ingi Stefánsson segir mikinn fjölda skemmtikrafta gera dag rauða nefnsins að veruleika.

FRETTABLAÐIÐ/ANTON

Skemmtun sem skiptir öllu máli

Upp er runninn harla óvenjulegur dagur; sjálfur dagur rauða nefnsins. Að baki þessum merkisdegi er einföld hugmynd: Að gaman og gefandi sé að hjálpa þeim sem minna mega sín. Og hvað er meira viðeigandi tákn fyrir gleði og gaman en eldrautt trúðsnef? Einfaldur hlutur sem getur engu að síður dimmu í dagsljós breytt.

Ógrynnin öll af frábærum íslenskum skemmtikröftum stendur að degi rauða nefnsins ásamt UNICEF, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna. Markmiðið er að bjóða upp á skemmtun sem skiptir máli, skemmtun sem skilur eitthvað áþreifanlegt og áhrifamið eftir sig.

Dagur rauða nefnsins er einmitt þannig skemmtun. Og í raun meira en það; hann er skemmtun sem skiptir öllu máli fyrir þau börn sem munu njóta góðs af gamninu um ókomna tíð, þegar dagurinn er löngu liðinn og flest okkar horfin á vit nýrra ævintýra.

Hápunktur dags rauða nefnsins er söfnunar- og skemmtipáttur í opinni dagskrá á Stöð 2 í kvöld þar sem sannkölluð lúxusblanda af skemmtikröftum þjóðarinnar bregður á leik – hver með sínu nefi auðvitað. Á sama tíma verður staldrað við sögur af börnum sem, þrátt fyrir ungan aldur, þurfa að kljást við vægast sagt erfiðar aðstæður, annars vegar í Afríkuríkinu Síerra Leóne og hins vegar á Haítí. Saga þessara barna veitir innsýn í þær áskoranir sem blasa við svo allt of mörgum börnum um allan heim; börnum sem UNICEF

kappkostar að hjálpa – að hjúkra, mennta og vernda.

Í anda dagsins vonum við að sem flestir áhorfendur finni það hjá sér að leggja starfi UNICEF lið, og þá sérstaklega með því að ganga í hóp heimsförelldra. Heimsförelldrar styrkja UNICEF með mánaðarlegu framlagi og gera samtökunum þannig kleift að aðstoða börn um allan heim, börn sem svo nauðsynlega þurfa á hjálp og stuðningi að halda. Án framlags frá gjafmildu fólki gætu samtökin einfaldlega ekki sinnt þessu starfi.

Verkefni UNICEF eru ærin og við vonum að þátturinn í kvöld hreyfi við ykkur. Að þið skemmtið ykkur vel og innilega en finnið á sama tíma til samkenndar og síðast en ekki síst fyrir hinni sönnu gleði sem felst í því að gefa.

Gleðilegan dag rauða nefnsins og góða skemmtun!

MISSIÐ EKKI AF ÞÆTTINUM KLUKKAN 19.30 Í KVÖLD

Það er óhætt að segja að boðið sé upp á frábæran söfnunar- og skemmtipátt í kvöld í opinni dagskrá á Stöð 2. Það margborgar sig að fylgjast með alveg frá upphafi til að missa ekki af einni einustu mínútu af því spennandi efni sem aðalkynnar kvöldsins, Þorsteinn Guðmundsson og Illmur Kristjánsdóttir, koma til með að framreiða fyrir áhorfendur. Meðal þess sem þú mátt einfaldlega ekki missa af er:

- Frumflutningur á myndbandi Páls Óskars Hjálmtýssonar við lagið „Megi það byrja með mér“ sem hann samdi í tilefni af degi rauða nefnsins í samstarfi við Redd Lights.
- Dansatriðum rústabjörgunarsveitarmanna, starfsmanna Landhelgisgæslunnar og þingmanna. Hvernig í ósköpunum mun það fara?
- Uppistand frábærra grínista. Þar á meðal Ara Eldjárns, Sögu Garðarsdóttur, Uglu Egilsdóttur og hins síunga Ómars Ragnarssonar.
- Háleynileg innkoma Björgevins Halldórssonar. Hm, dularfullt!
- Spaugstofan og Mið-Ísland. Þarf að segja eitthvað meira?
- Fjöldinn allur af grínatriðum þar sem meðal annars koma fram Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Gunnar Hansson, Bergur Þór Ingólfs-son, María Heba Þorkelsdóttir, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Kjartan Guðjónsson og Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir.
- Innsög frá heimsóknum Páls Óskars Hjálmtýssonar og Halldóru Geirharðsdóttur til Síerra Leóne og Haítí, þar sem þau skoðuðu aðstæður barna og verkefni UNICEF.



Trúðar eru sannleiksenglar

Trúðurinn Barbara er hliðarsjálfi leikkonunnar Halldóru Geirharðsdóttur. Fyrir dag rauða nefnsins í fyrra heimsótti Halldóra verkefni UNICEF í Úganda og í ár fór hún til Haítí. Eins og alltaf var Barbara með í för og upplifði heimsóknirnar með sínum einlægu og óritskoðuð augum.

Hvað hafði mest áhrif á þig við að heimsækja verkefni UNICEF með Halldóru?

Duglegu og fallegu börnin höfðu mest áhrif á mig. Þau fá svo litlu að ráða um eigið líf en trú á allt það besta. Sum eru munaðarlaus en önnur eiga mömmur og pabba. Ég hitti litla stelpu sem var niðursetningur hjá konu sem gaf henni pening fyrir mat þegar hún fékk að flytja aftur til pabba síns, en stelpan var svo glöð og spennt að hún eyddi öllum peningnum sínum í tyggjó!

Er hægt að hjálpa bágstöddum börnum í fátækum löndum heims?

Já, og það er ekki bara hægt, heldur verðum við að hjálpa til! Annars erum við bara hross með blöðkur fyrir augunum og lokað hjarta.

Getum við Íslendingar gert eitthvað?

Já, allir Íslendingar geta orðið heimsforeldrar. Þá borga þeir mánaðarlega upphæð sem þeir eru aflögufærir um og starfsfólk UNICEF finnur út hvar þörfin er mest. Áður en jarðskjálftinn reið yfir Haítí voru þar 40 starfsmenn frá UNICEF, en nú eru þar 160 starfsmenn til hjálpar börnum í neyð. Þeir vinna með innlendum hjálpar-samtökum og eru eins og hjarta sem pumpar hjálpinni út í ósæðarnar til fullt af góðu fólki sem eru bláæðarnar og renna á milli allra frumanna sem eru börnin. Nú er líka vitað að best er að fara strax til barna sem eru verst stödd því þá berst hjálp til svo margra annarra í leiðinni.

Hvaða börn eru verst stödd?

Börnin sem búa ekki með foreldrum sínum. Þau lifa í kærleikslausu umhverfi og eiga sér ekki tilverurétt nema að leggja fram vinnu af einhverju tagi. Þessi börn



Trúðurinn Barbara fer aldrei að gráta fyrir framan bágstödd börn heldur hlær sem mest með þeim því það þykir þeim gott. MYND/GVA



Barbara bregður á leik með barnahópi í Úganda. Hún segir skítlétt að vera trúður og leyfði börnunum að prófa rautt nef. Þá spjallaði Barbara við unga grunnskólanema á Haítí. Hún segir börn sem búa ekki hjá foreldrum sínum vera verst stödd.



eru verst stödd vegna þess að þeim er ekki sagt á degi hverjum að þau séu stórkostleg gjöf og að þau megi vera eins og þau eru. Á Haítí þarf að breyta því hugarfari að börnum sé betur borgið hjá vandalausum,

því það er ekki rétt. Barn þarfnast fyrst og fremst kærleika og svo menntunar og heilbrigðiskerfis til að eiga möguleika á að verða sjálfstæður einstaklingur.

Ertu breyttur trúður eftir að

hafa séð erfiðar aðstæður barna í fátækari löndum?

Já, ég náttúrulega græt bara, en ég hlæ líka því þetta eru töfrabörn og þeim finnst gott að hlæja saman. Ég græt samt aldrei með börnun-

um því þá erum við saman í ljósinu, hlæjum og horfum í augun á hvort öðru. En um leið og ég labba í burtu frá þeim fer ég að skæla, og Halldóra líka því hún skilur aðstæður barnanna betur en þau sjálf og veit að þau eiga svo miklu betra skilið.

Hvernig þótti börnunum úti að hitta alvöru trúð?

Þeim fannst það mjög sniðugt og fengu sjálf að prófa, því það er skítlétt að vera trúður. Maður setur bara á sig rautt nef og breytir kannski röddinni, því allir eiga innra með sér trúð sem segir alltaf satt og er alveg sama hvort það komi vel út eða ekki. Trúðar eru nefnilega ekki bara trúðar heldur sannleiksenglar sem umfram allt vilja segja satt, en stundum þarf maður að treysta nefinu og hlusta í dálitla stund áður en maður heyrir röddina í trúðnum sínum.

Hefur þig langað að taka eitthvert barnanna með þér heim?

Mig langaði meira að taka að mér einhverja mömmuna til að geta hjálpað henni að hjálpa þeim.

Hvaða merkingu hefur rauða nefið fyrir þig?

Rauða nefnið þýðir að lifa í núinu og láta ekki eins og hlutirnir séu bara eins og þeir eru. Að gráta yfir því sem maður þarf að gráta yfir og hlæja vegna þess sem er fyndið.

Ef þú fengir einn dag til að láta til þín taka á heimsvísu, hverju myndir þú vilja breyta fyrst?

Ég vildi óska að börn heimsins gætu lifað við aðstæðurnar sem Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna gerir kröfu um að öll börn eigi að lifa við. Þá hefðum við ansi góðar undirstöður fyrir betra líf barna. Þetta er líka vel hægt en tekur tíma. Við megum ekki gefast upp, heldur ákveða í staðinn að verða heimsforeldri, því það er skítlétt.

En hvernig hugsum við best um íslensku börnin?

Við eigum að segja þeim á hverjum degi að þau séu frábær og það dýrmætasta sem við eigum. Og þótt þau hafi það gott í samburði við börnin á Haítí eigum við alls ekki að segja slíkt við þau í tíma og ótíma. Bara gleyma því ekki að til eru fleiri dýrmæt börn sem eru rosalega glöð að fá aðstoð þegar það þarf.

-blg


Þökkum stuðninginn



Alþýðusamband Íslands



Falleg fót á stelpur og stráka...
Kjannum 552 2201



Hægt að monta sig af því að gefa

Ilmur Kristjánsdóttir og Þorsteinn Guðmundsson eru aðaldagskrárynnar á degi rauða nefnsins. Þau hafa lagt UNICEF lið með margvíslegum hætti í gegnum tíðina. Þessir hjartans vinir UNICEF svara hér nokkrum mjög mikilvægum spurningum.

ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON

Ef þú værir rautt nef í einn dag, á hverjum myndir þú vilja vera?

„Ég myndi gjarnan vilja vera á nefinu á manni með engar nasir.“

Ef þú mættir gefa hverjum sem er í mannkynssögunni rautt nef, hver yrði það?

„Móður Theresu. Hún var voða góð en það vantaði smá hómur í hana, held ég.“

Er sælla að gefa en þiggja?

„Já, miklu sælla. Það er hægt að monta sig af því í mörg ár.“

Hvaða rauða nef finnst þér skemmtilegast (þ.e. Skotta, Skjóða eða Skreppur) og af hverju?

„Skreppur er fin. Hann kvartar ekki.“

Ef þú mættir búa til þitt eigið rauða nef, hvernig yrði það?

„Ég myndi hanna svolítið stórt nef sem væri langt og þínu á ská og kalla það Gyllinæð.“

Hvernig er að kynna margra tíma dagskrá á degi rauða nefnsins?

„Svolítið eins og að taka á móti þríburum.“

Verður þitt nef einhvern tímann rautt?

„Já, einu sinni reyndi ég að kreista unglingsbólar á því og kreisti það næstum óvart af mér.“

Ertu heimsforeldri?

„Já, vegna þess að konan mín sagði mér að við ætluðum að gera það.“

Þekkirðu einhvern sem er alltaf með rautt nef?

„Nei, en ég þekkti einu sinni dreng með tvö rassgöt. Hann var kallaður Gummi tvörassgöt.“



ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR

Ef þú værir rautt nef í einn dag, á hverjum myndir þú vilja vera?

„Jólasveininum.“

Ef þú mættir gefa hverjum sem er í mannkynssögunni rautt nef, hver yrði það?

„Ágústínusi keisara.“

Er sælla að gefa en þiggja?

„Já, það er sælla að gefa en maður þarf líka að kunna að þiggja.“

Hvaða rauða nef finnst þér skemmtilegast og af hverju?

„Þau eru best saman í hóp.“

Ef þú mættir búa til þitt eigið rauða nef, hvernig yrði það?

„Það hétu Friðrik og væri voða rólegt.“



Af hverju gefur þú vinnu þína á degi rauða nefnsins?

„Mig langar til að hjálpa og þegar UNICEF biður þá svarar maður kallinu.“

Hvernig er að kynna margra tíma dagskrá á degi rauða nefnsins?

„Strembið en ég ætla að láta Þorstein sjá um allt erfiði.“

Verður þitt nef einhvern tímann rautt?

„Oft, ég er ofnæmissjúklingur.“

Ertu heimsforeldri?

„Já, af því að það skiptir máli og ég hef séð það með eigin augum.“

Þekkirðu einhvern sem er alltaf með rautt nef?

„Margir alkóhólistar, fólk með rósroða og ofnæmissjúklingar.“

Gott að gera gagn

„Við fengum einfaldlega símtal frá Unicef með ósk um að semja lagið og maður segir ekki nei við því,“ segir Ingi Már Úlfarsson, spurður um tilurð Rauðanefslagsins, en hann og Jóhann Bjarkason eru lagahöfundar í tveikykinu Redd Lights.

„Við höfum ekki unnið verk efni áður sem tengist góðgerðarmálum en við hikuðum ekki við að gefa vinnu okkar fyrir þennan málstað,“ bætir hann við.

Páll Óskar Hjálmtýsson samdi textann við lagið og segir Ingi samstarfið hafa gengið vonum fram. „Það gæti ekki hafa gengið betur. Palli gengur hreint til verks og veit upp á hár hvað hann er að gera. Við sömdu nokkra grunna og sendum honum. Hann kom svo mjög fljótlega með texta og laglínu við þann grunn sem honum leist best á. Þetta var í fyrsta skipti sem við unnum með Palla og við vonumst til að það samstarf haldi áfram, við stefnum á það.“

„Við unnum Gull af mönnum með Steinda jr., Matta Matt og Bent sem kom út seinasta sumar, en það var mjög skemmtilegt verkefni. Svo unnum við nánast alla plötu Friðriks Dórs og stóran part af plötu Erps Eyvindarsonar og fengum gullplötu í hendurn-



Ingi Már Úlfarsson og Jóhann Bjarkason, lagahöfundar Redd Lights sömdu Rauðanefslagið ásamt Páli Óskari.

MYND/ANTON

ar fyrir plötu Erps á dögnum,“ segir Ingi, en þeir félagar halda sig ekki við eina tónlistarstefnu. „Nei, alls ekki. Í byrjun var þetta aðallega rapp, svo R'n'B og svo popp en við erum alltaf að skipta um stíl. Við förum kannski langt í

eina átt en endum svo á að blanda öllu saman.“

Ingi segir tilfinninguna góða að geta stutt við góðan málstað á þennan hátt. Páll Óskar hafi einnig hrifið þá með sér með frásögnunum sínum af ástandinu.

Palli er náttúrulega svo sannfærandi og allt öðruvísi að heyrast einhvern segja frá hlutunum frá fyrstu hendi en að lesa eitthvað í bæklingum. Það er gott að fá staðfestingu á að þetta er að gera gagn.“

MEGI ÞAÐ BYRJA MEÐ MÉR

Ef að ég gæti breytt öllum heiminum

myndi ég kannski byrja hjá börnunum.

Gefa þeim sól sumaryl

Þau lifa í heimi sem að þau bjuggu ekki til

Ég hélt að ég gæti ekkert leyst

en nú hef ég sjálfur breyst



Brandarakeppni, nef og rauð kaka

Það verður vafalaust mikil stemning á mörgum vinnustöðum landsins í dag þar sem óhefðbundnum meðölum verður beitt til að brjóta upp daglegt amstur. Fjöldi fyrirtækja hafur keypt nef handa starfsfólki sínu og efnt er til ýmissa uppákoma, til gamans en jafnframt til góðs.

Í MP banka er dagurinn tekinn alveg sérstaklega hátíðlega. Ekki er látið nægja að kaupa nef handa öllum starfsmönnum bankans heldur er boðið upp á rauða köku með kaffinu auk þess sem blásið er til veglegrar brandarakeppni með það að markmiði að safna áheitum.

„Starfsmenn flytja brandara sem eru teknir upp og svo veljum við þann besta,“ segir Hildur Þórisdóttir, starfsmannastjóri hjá MP banka. Samstarfsfólkið getur svo heitið á þann kolllega sem þeim finnst standa sig best. Að auki styrkir MP banki svo UNICEF um sem nemur verðmæti eins moskítónets, en moskítónet sem börn sofa undir á næturnar er víst albasta vörn gegn malaríu.“

STOLT AÐ STYÐJA STARF UNICEF

Hildur veit ýmislegt um moskítónet og annað sem lýtur að hjálparstarfi fyrir börn eftir að hafa fengið fróðlega heimsókn á starfsmannafund bankans.

„Við fengum starfsmann frá UNICEF til að veita okkur innsýn í það mikilvæga starf sem samtökin vinna um allan heim. Starf samtakanna í þágu barna er mjög

áhrifamikið og sérstaklega fannst mér merkilegt hvað hefur í raun og veru náðst mikill árangur á mörgum sviðum – og ekki síður hvað hver og einn getur lagt mikið af mörkum, t.d. með því að gerast heimsforeldri. Við höfum einmitt hvatt bæði starfsfólk og viðskiptavinum okkar til að gerast heimsforeldrar, séu þeir það ekki nú þegar. Til enn frekari hvatningar mun bankinn styrkja UNICEF um námsgagnapakka, þ.e. 40 stílabækur og 40 blýanta, fyrir hvern starfsmann sem er eða gerist heimsforeldri.“

Hildur segir að starfsfólk bankans sé afar stolt af því að taka þátt í degi rauða nefnsins. „Við höfum tekið þátt í að vekja athygli á þættinum í kvöld með auglýsingum auk þess sem hægt hefur verið að kaupa rauðu nefin í útibúum okkar.

Svo erum við auðvitað farin að huga að jólum og munum senda jóla-kort frá UNICEF til okkar helstu samstarfsaðila. Það er nefnilega hægt að leggja UNICEF lið á svo ótal vegu. Það mikilvægasta er svo auðvitað að stuðningurinn, í hvaða mynd sem hann kemur, nýtist til að bæta aðstæður bágstaddra barna um allan heim. Það er markmið sem allir ættu að vilja leggja lið.“

„Við fengum starfsmann frá UNICEF til að veita okkur innsýn í það starf sem samtökin vinna um allan heim.“



„Við höfum hvatt bæði starfsfólk og viðskiptavinum okkar til að gerast heimsforeldrar,“ segir Hildur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hitað upp fyrir kvöldið

Það er upplagt að koma sér í rétta gírinn fyrir kvöldið. Dagur rauða nefnsins er jú bara einu sinni á ári. Hér eru nokkrar hugmyndir að því hvernig hægt er að koma sér og sínum í reglulega gott skap.

- Kaupu rautt nef, Skottu, Skrepp eða Skjóðu, og vertu með nefið í allan dag.
- Farðu á Youtube og kíktu á gamalt rauðanefsgrín frá mörgum af allra bestu grínurum landsins, svo sem Tvíhöfða, Sögu Garðarsdóttur, Ara Eldjárn og aðalkynnum kvöldsins, Ilmi Kristjánssdóttur og Þorsteini Guðmundssyni.
- Hlustaðu á lagið „Megi það byrja með mér“ eftir Pál Óskar Hjalmtýsson og Redd Lights. Nú, eða eldri lög dags rauða nefnsins á borð við „Brostu“ með Baggalúti og „Hætt'essu væli“ með Ljótu hálfvitunum.
- Safnaðu áheitum frá vinum eða vinnufélögum og gerðu eitthvað sem þú ert ekki vanur að gera; hvort sem það er að syngja allt sem þú þarft að segja, tala einungis dönsku, búa til einstaklega flippaðan fésbókarstatus eða borða bara rauðan mat.
- Skráðu þig sem heimsforeldri á www.unicef.is



● VEITA VERND OG SKJÓL

Á hverju ári gera styrktaraðilar UNICEF samtökunum kleift að bæta líf milljóna barna um allan heim; að veita þeim heilsugæslu, vernd gegn ofbeldi og misnotkun, menntun, aðgang að vatni og skjól í neyð. Þessar fallegu myndir eru af börnum sem notið hafa góðs af starfi UNICEF.



Ertu ekki að grínast?

Notaðu grín og spé til að safna fé!

Það er ýmislegt hægt að gera til að brjóta upp hversdaginn á vinnustaðnum og láta gott af sér leiða á sama tíma. Hér eru nokkrar góðar hugmyndir fyrir framtakssamt fólk.

ÁHEITASÖFNUN

Settu upp nefið og gerðu eitthvað fyndið, eitthvað eftirminnilegt eða jafnvel eitthvað leiðinlegt. Skiptir ekki máli, láttu bara vinnufélagana heita á þig. Þú gætir t.d. verið í náttfötunum í allan dag, talað eingöngu dönsku, sippað í stað þess að ganga eða jafnvel klippt af þér allt hárið.

VINNUHÁTÍÐ

Þjóddu upp á andlitsmálningu, kökukast, tösukast, boltakast, kossabás, krókóðilahlauð, tertuátskeppni, grill – og rukkaðu hóflega fyrir öll herlegheitin.

BASAR

Þetta er auðvitað sígilt. Matreiddu það sem þú gerir best, hvort sem það eru snúðar, svið eða egg og beikon. Settu upp matarbás og leyfðu öðrum að njóta með þér gegn vægu gjaldi.

SÝNING

Ertu með sviðsbakteríu? Settu upp metnaðarfulla sýningu og sýndu hvað þú ert góð eftirherma, uppistandari, leikari, söngvari, fingrabrúðuleikhústjóri...

FJÁRÖFLUNARBÍÓ

Taktu DVD-tækið og sjónvarpið með í vinnuna. Stilltu græjunum upp á góðum stað, og rukkaðu fyrir bíóið. Þú getur líka selt popp og kók, nef eða bara flögur og vatn.

MÁLARI

Dröslaðu malaragræjunum, litum og trönunum með þér í vinnuna og teiknaðu eða málaðu andlitsmyndir af vinnufélögnum og seldu þeim á spottprís.

TÍSKUSÝNING

Ef þú ert upprennandi fatahönnuður gætir þú skipulagt tískusýningu. Svo er hægt að selja fötin eftir á til styrktar UNICEF (ef þau eru flott – og passa).

SPILAKVÖLD

Stattu fyrir spilamóti með þátttökugjaldi. Allt frá bingói til flókinna hlutverkaleikja er leyfilegt.



Dagur rauða nefnsins í lífi Steinda Jr.

Steindi leggur degi rauða nefnsins nú lið í þriðja skiptið. Þegar er búið að taka upp grínatriðin sem hann tekur þátt í og því getur hann slakað á og notið dagsins – og svo auðvitað þáttarins um kvöldið. Steindi deilir hér með lesendum hvernig líklegt er að dagurinn hans verði – en svo skemmtilega vill til að 9. desember er einnig afmælisdagurinn hans.

9.00-10.00

Ligg og hrýt, klóra kannski konunni minni á bakinu og vona að hún launi mér greiðann.

12.00

Þarna er ég löngu vaknaður. Vaknaði um leið og vonbrigðin með að fá ekkert bak-klór voru ljós.

13.00

Ég er mættur á einhvern svaðalegan skyndibitastað með félagum. Við stækum allir máltíðirnar okkar.

14.00

Klappa ókunnugum hundi.

15.00-16.30


Fer í sturtu, það eru liðnir tveir dagar síðan ég fór seinast í sturtu og svo var ég líka að klappa einhverjum djöfulsins rakka.

17.00

Fer í mokaðakka sem ég keypti í Þýskalandi fyrir nokkrum mánuðum og spegla mig. Ég spyr mig svo hvenær það sé tímabært að rokk'ann.

18.00

Ég borða mat með kærustunni



Svo skemmtilega vill til að Steindi á afmæli í dag. Ánægjan er því tvöföld.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

minni. Sennilega höfum við saltkjöt með hvítri því það er uppáhaldsmaturinn minn og ég á afmæli í dag.

19.30-00.03

Dagur rauða nefnsins í opinni dagskrá á Stöð 2. Gerist heimsforeldri

og opna beikonbugðurnar mínar, konan fær saltlakkrís.

00.45

Ég horfi á bregðurusl fyrir svefnninn eða einhverja mynd sem endar á tölustaf. Sofna í sófanum og fæ massívan hálsríg.

Skotta, Skreppur og Skjóða eru fjörkálfar með tilgang

Einkennismerki dags rauða nefnsins eru rauð nef – sem ætti svo sem ekki að koma á óvart. Nefin í ár eru hin bráðskemmtilegu Skoppa, Skreppur og Skjóða. Þau kosta 1.000 krónur og fást í Hagkaup, Bónus, Te og kaffi, MP banka, hjá skátunum og íþróttafélögum. Kynnumst þeim aðeins nánar.



SKOTTA

Skotta er fluggáfaður grallaraspói og því þremur bekkjum á undan í skóla. Hún er með mínus níu á báðum augum og þarf því alltaf að vera með gleraugu. Það skemmtilegasta sem hún gerir er að leysa gátuvísur upp í rúmi og gæða sér um leið á frosnum rækjum. Hana dremmir um að verða tannsmiður. Uppáhaldslagið hennar er Brostu með Baggalúti.



SKJÓÐA

Skjóða er hress og vinamörg. Henni finnst fátt skemmtilegra en að vera á leikvöllinum en stundum étur hún kannski aðeins og mikið af sandi og gömlum skóm. Hún er samt að reyna að hætta því. Hún er með loðna undirhöku eins og móðuramma sín og er mjög stolt af því. Ef hún verður mjög spennt yfir einhverju á hún það til að fá uppþembu og þá ropar hún óskaplega mikið – þá hlæja bestu vinir hennar, Skreppur og Skotta.



SKREPPUR

Skreppur er fjörkálfur og það er sjaldan lognmolla í kringum hann. Hann fer allra sinna ferða á einhjól og getur hrækt á staura í allt að tveggja metra fjarlægð. Honum finnst sérstaklega gott að borða svartan mat eins og lakkrís og hjólbarða. Enginn veit með vissu hvað kom fyrir vinstra augað á honum en sjálfur segist hann hafa verið bitinn af krókóðil þegar hann var á ferðalagi í Frakklandi.



Víða neyðast börn til að vinna slítandi og hættulega vinnu. Náðst hefur að draga verulega úr barnavinnu síðasta áratuginn í Bólvíu, þar sem þessi glaðbeittu börn búa. Heimsforeldrar eiga þátt í þeim árangri.

Heimsforeldrar skipta sköpum fyrir fjölda barna

Á degi rauða nefnsins er orðatil-tækið „hláturinn lengir lífið“ sett í nýtt og áhrifamikið samhengi. Inn-tak söfnunaráttaksins er að gleðj-ast og gleðja aðra og þá sérstak-lega bágstödd börn í fátækari ríkj-um heims. Með því að slást í hóp heimsforeldra UNICEF um kvöldið leggja áhorfendur lið öflugur hjál- parstarfi fyrir börn sem búa við bág kjör og erfiðar aðstæður.

UNICEF er áhrifamesti mál- svari réttinda barna í heiminum. Leiðarljós samtakanna er sú bjarg- fasta trú að öll heimsins börn eigi rétt á heilsu, menntun, öryggi og vernd. Staðreyndin er hins vegar sú að allt of mörg börn eiga um sárt að binda. Nú láta rúmlega tuttugu þúsund börn lífið á hverj- um degi af orsökum sem vel eru viðuráðanlegar. UNICEF telur að þetta sé óásættanlegt.

Mikilvægasta verkefni UNICEF er að koma í veg fyrir að börn deyi að óþörfu. Mikil áhersla er því lögð á að tryggja heilsu barna og koma í veg fyrir að þau líði hung- ur og þorsta. UNICEF leggur einn- ig mikið upp úr því að börn hafi tækifæri til að mennta sig og hljóti vernd gegn ofbeldi, misnotkun og þrælkun.



Menntun er nauðsynleg fyrir þroska barna og framtíðarmöguleika þeirra. Mikill fjöldi barna fer engu að síður á mis við grundvallarmenntun, ýmist vegna fátæktar, fötlunar, átaka eða misréttis. Þessu vill UNICEF breyta með hjálp heimsforeldra.

MYND/UNICEF/ASSELIN

SAMTAKAMÁTTUR MIKILS MEGNUGUR Heimsforeldrar eru hjartað í starfsemi UNICEF á Íslandi. Án þeirra gætu samtökin ekki sent frá sér mánaðarlega bráð- nauðsynleg framlög til hjálpar bágstöddum börnum.

Heimsforeldrar greiða upp- hæð að eigin vali á mánuði, t.d. 2.000 krónur. Það kemur mörgum á óvart hversu miklu er

hægt að áorka fyrir 2.000 krónur og hve framlag hvers og eins er í raun mikilvægt. Þess þá heldur er samtakamáttur heimsforeldra mikils megnugur því það safn- ast svo sannarlega þegar saman kemur. Það eru engar ýkjur að íslenskir heimsforeldrar skipta sköpum fyrir þúsundir bág- staddra barna.

Treyst á góðvild einstaklinga

UNICEF hefur verið leiðandi í hjálparstarfi fyrir börn í yfir 60 ár. Samtökin standa vörð um líf barna frá fæðingu til fullorðinsára og sinna bæði langtímaþróunar- aðstoð og neyðaraðstoð – óháð stjórnmálum og lífsskoðunum.

UNICEF treystir alfarið á fjár- stuðning í gegnum frjáls framlög; frá einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum og ríkisstjórnnum.

Þetta þýðir m.a. að sú aðstoð sem samtökin veita bágstöddum börnum er algjörlega háð því hversu margir kjósa að leggja hjálparstarfinu lið, til dæmis með því að gerast heimsforeldrar, gefa stök framlög eða með kaupum á UNICEF-jólakortum, gjafavöru eða svokölluðum sönnum gjöfum.



UNICEF treystir alfarið á fjárstuðning í gegnum frjáls framlög.

MYND/UNICEF/ZAIDI

Hvert einasta framlag mikilvægt


Heimsforeldrar og aðrir styrktaraðilar UNICEF gegna mikilvægu hlutverki við að lækka tíðni barnadauða í heiminum. Tíðni dauðsfalla barna yngri en fimm ára lækkar nú tvö- falt hraðar en fyrir tíu árum.

Bólusetning er ein ódýrasta og áhrifamesta að- ferðin til að koma í veg fyrir dauðs- föll barna yngri en fimm ára. Heimsforeldrar gera UNICEF kleift að bólusetja börn gegn hættulegum sjúkdómum en í fyrra bólusetti UNICEF 109 milljón börn gegn sex skæð- ustu sjúkdómunum.



Menntun er nauðsynleg þroska hvers barns og lyk- ill samfélaga úr ógöngum fátæktar og sjúkdóma. Heimsforeldrar veita milljónum barna í fátækustu ríkj- um heims tækifæri til að læra.

Allt of mörg börn eru fórnarlömb ofbeldis, þrælkunar og mis- notkunar. Með hjálp heims- foreldra vinn- ur UNICEF að því að treysta öryggisnet berskjaldaðra barna.



Með því að greina hvort ófrískar konur eru með HIV áður en að barnsburði kemur er hægt að minnka lík- urnar verulega á því að hið ófædda barn smitist við fæðingu. UNICEF leggur mikla áherslu á þetta.

Náttúruhamfarir og átök koma alltaf verst niður á börnum. Heimsfor- eldrar gera UNICEF kleift að hjálpa berskjölduðum börnum þegar neyðar- ástand kemur upp en einn- ig eftir að mesta neyðin er yfirstaðin og kastljós fjöl- miðlanna beinist að öðru.

● HVERT FRAMLAG SKIPTIR MÁLI

Fyrir **2.000 krónur** er hægt að útvega allt neðantalið:

- 1 moskítónet** sem kemur í veg fyrir malaríusmit
- 10 skammta af bóluefni** gegn mislingum
- 100 prótínríkar kekkökur** sem hjálpa börnum í neyð
- 100 skammta af ormalyfi** gegn sníkjudýrasýkingu
- 1.000 lítra af vatni** sem gert er drykkjarhæft með vatnshreinsitöflum



● HVERT FRAMLAG SKIPTIR MÁLI

Fyrir **2.000 krónur** er hægt að koma öllu þessu til barna í neyð:

- 20 skömmtum af bóluefni** gegn mislingum
- 20 skömmtum** af vítamínbættu jarðhnetumauki fyrir vannærð börn
- 200 lítrum af vatni** sem gert er drykkjarhæft með vatnshreinsitöflum

Pökkum stuðninginn

7.is ehf.	Reykjavík	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Húsavík	Síldarvinnslan hf, útgerð	Neskaupstaður
Almenna lögbjónustan hf	Akureyri	Héðinn Schindler lyftur hf	Hafnarfjörður	Sjóvík ehf	Reykjavík
Athygli ehf	Reykjavík	Hótel Framnes	Grundarfjörður	Skinney - Þinganes hf	Höfn í Hornafirði
Atlantik ehf	Reykjavík	Hraðfrystihús Hellissands hf	Hellissandur	Skóarinn í Kringlunni ehf	Reykjavík
Ásbjörn Ólafsson ehf	Reykjavík	Hringrás ehf	Reykjavík	Skógrækt ríkisins	Egilsstaðir
Bás ehf	Siglufjörður	Huginn ehf	Vestmannaeyjar	Sorpsamlag Þingeyinga ehf	Húsavík
Bílalind ehf	Reykjavík	Höfðakaffi ehf	Reykjavík	Sólark-Arkitektar	Hafnarfjörður
Blaðamannafélag Íslands	Reykjavík	Íslandsspil sf	Kópavogur	Stefna hugbúnaðarhús	Akureyri
Blikksmiðja Austurbæjar ehf	Reykjavík	Jafnréttisstofa	Akureyri	Stig ehf	Reykjavík
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf	Egilsstaðir	Járn og gler ehf	Reykjavík	Tannlæknast Einar Magnúss ehf	Reykjanesbær
BSRB	Reykjavík	Kaupfélag Steingrímsfjarðar	Hólmavík	Tannlæknastofa Ragnheiðar Hansdóttur	Akureyri
Café Konditori	Reykjavík	Kjötkompaní ehf	Hafnarfjörður	Teiknistofan Tröð ehf	Reykjavík
Capital - Inn ehf	Reykjavík	Knattspyrnusamband Íslands	Reykjavík	Tölvutækni ehf	Kópavogur
Cintamani á Íslandi	Garðabær	KOM almannatengsl	Reykjavík	Umbúðamiðlun ehf	Hafnarfjörður
Dacoda hugbúnaðargerð	Reykjanesbær	Kristinn J Friðþjófsson ehf	Hellissandur	Útgerðarfélagið Guðmundur ehf	Ólafsvík
DMM Lausnir ehf	Reykjanesbær	Lagnalagerinn ehf	Reykjavík	V.P.vélaverkstæði ehf	Vogar
Egill Kolbeinsson tannlæknir	Reykjavík	Leikskólinn Gefnarborg	Garður	V.R.	Reykjavík
Eignamiðlun	Reykjavík	Lögmannsstofan Réttur	Reykjavík	Varma & vélaverk	Hafnarfjörður
Eignaumsjón hf	Reykjavík	Löndun ehf	Reykjavík	Veitingastaðurinn Menam	Selfoss
Eldhestar ehf	Völlum	Mandat lögmannsstofa	Reykjavík	Verkfærðipjónusta GGP slf	Reykjavík
Eldhús sælkerans ehf	Reykjavík	Málameistarinn ehf	Reykjavík	Verkvík - Samtak ehf	Hafnarfjörður
Fagverk verktakar sf	Mosfellsbær	Merkismenn ehf	Reykjavík	Vermir sf	Húsavík
Fannberg ehf	Hella	Merlo Seafood	Reykjavík	Verslunarmannafélag Suðurnesja	Reykjanesbær
Fiskbúð Hólgeirs í Mjódd	Reykjavík	Myndlistaskólinn á Akureyri	Akureyri	Vélaverkstæðið Kistufell ehf	Reykjavík
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf	Bolungarvík	Netkerfi og tölvur ehf	Akureyri	Viðskiptaþjónusta ÁGG ehf	Kópavogur
Framhaldsskólinn á Laugum	Laugar	Nobex ehf	Kópavogur	Vinna um víða veröld	Hvolsvöllur
Framtak, véla og skipaþjónusta	Garðabær	Nonni litli ehf	Mosfellsbær	Vinnubátur ehf	Reykjavík
Funi ehf	Höfn í Hornafirði	NORTHERN LIGHT INN	Grindavík	Víkurráf ehf	Húsavík
Gallabuxnabúðin Kringlunni	Reykjavík	Nostra Ræstingar ehf	Reykjavík	Vímulaus æska - Foreldrahús	Reykjavík
Grímsnes ehf	Reykjanesbær	Promens hf	Reykjavík	Vísir hf	Grindavík
H.Filipsson sf	Garðabær	Pökkun og flutningar ehf	Reykjavík	VSÓ Ráðgjöf ehf	Reykjavík
Hamraborg ehf	Ísafjörður	Reykjanesbær	Reykjanesbær	www.undirfot.is	Reykjavík
Haustak ehf	Grindavík	Samhentir - umbúðalausnir ehf	Garðabær	Önundur ehf	Raufarhöfn
		Sign/AGK	Hafnarfjörður		



HORFÐU Á ÞÁTTINN
Í KVÖLD!
Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2



www.unicef.is



unicef 